

fleira en hér er sagt. Það eru ekki eingöngu sálsmarnir frá mið-oldunum, heldur og einnig sumt „Reformatíóns“ dótíð, sem menn eru beðnir að brúka sér til andlegrar uppbyggingar, er eitthvað væri að athuga við, væri því nokkru sinni gaumur gefinn. Margar trúarbragðalegar hugmyndir vorra tíma eru að meira eða minna leyti úr lagi færðar vegna sálma þeirra, er vésyngjum við messur og önnur hátíðleg tækifæri.

Ef vér lítum á sálmasöfn og bækur kyrkna þeirra, er standa á tiltölulega háu menningarstigi og jafnvél margra þeirra allra frjálslyndustu, verðum vér þess skjótt varir, að undantekningarlauost eru sálmar þeirra flestir samdir annaðhvort af virkilegum andans mikilmennum umliðinna alda, eða þá „meðalmönnum“ og andlausum meinleysingjum vorra tíma. En það, að menn geta komið saman stöku, er engin fullgild ástæða til, að trúfræði þeirra sé viðhaldið. — Það er óhamingja mikil, að þeir menn, hverra trúarskoðanir og lífsskoðanir ætti að verða sem almennastar, skuli ekki eða geti ekki ort sálma. En að þeir gjör-ist sálmaskáld, sem hvorki eru með heilbrigðum sönsum né flyt-jendur hollra skoðana. Það er hvorki rétt né viturlegt að halda dauðahaldi í kenningar eða uppræðslumáta liðinna alda af ein-tómri viðkvæmni og meðaumkunarsemi með því, sem liðið er. — En þó er það öllu óviturlegar, að halda í gömul sálmbrot, sem eru full meinlegra fávizku og villandi orðatiltækja, að eins þess vegna, að þau hafa verið um hönd höfð og sungin af þeim, sem vér elskum og virðum, en nú hafa tekið heima í mold og gröf.

Sérstaklega eru það þó sumar gömlu þýðingarnar, er gjarnan mætti missa sig, — ef vér lítum til íslenzku sálmbókarinnar, — ekki sízt þar sem bæði val og þýðing hefir gjörst af smekklausri hendingu. Þessum gömlu fornmenjum hefir þó alltaf verið hald-íð við í íslenzkum sálmasöfnum. Með hverri nýrri útgáfu eru þessar gömlu þýðingar bættar og stagaðar saman, svo hægt sé að láta þær halda út eina vertiðina enn. En ekki er ólíklegt, að senn fari flískin svo að fyrnast, að hlíta verði ráðunum þeim, að leggja ekki nýja bót á gamalt fat.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$ 1 árg. — Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, **555 Sargent Ave.**
Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave., Winnipeg Man.**
Ritstjóri síra Rognvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónasson, 656 Young st. Winnipeg Man.